

Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
við Austurvöll  
150 Reykjavík

Kópavogi, 21.04.2012  
Tilv. 023  
HJ

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um br. á lögum um mat á umhverfisáhrifum, 598. mál.**

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, þar sem sent er umsagnar stofnunarinnar frumvarp til laga um br. á lögum um mat á umhverfisáhrifum, 598. mál.

Siglingastofnun leggur til að fella brott liði 2.04, 10.14 og 10.23 í 1. viðauka. Þau gögn sem Siglingastofnun hefur sbr. tilskipun 2003/35/EB og tilskipun 2009/31/EB skýra ekki þær breytingu sem verið er að leggja til á lögum nr. 106/2000 hvað framangreinda liði varðar eins og vísað er í.


Liður 2.04 lítur að efnistöku af hafsbotni og breytingin felur í sér að vegna allra dýpkunarframkvæmda, óháð magni eða stærð svæðis sem raskað verður, skuli senda Skipulagsstofnun gögn til ákvörðunar um matsskyldu. Siglingastofnun er kunnugt um að núverandi kröfur hafi valdið erfiðleikum eða taldar það veikar að skaði sé af.

Liður 10.14 lítur að höfnum og viðlegubryggjum innan skilgreindra hafna og breyting frumvarpsins felur í sér að senda verður Skipulagsstofnun gögn til ákvörðunar um matsskyldu allra slíkra hafna og viðlegubryggja óháð stærð og umfangi þó að viðkomandi viðlegubryggja sé sýnd á skipulagi. Sérstaklega er gerð athugasemd við að ákvæðið um viðlegubryggjur því hér um mun íþyngjandi kröfu að ræða og varðar almennt mannvirki sem eru á skipulögðum svæðum. Yfirleitt er stærðargráða slíkra viðlegubryggja á bilinu 50-300 millj. kr. sem svarar til einbýlishúss eða litillar íbúðablokkar. Umfang bryggja m.t.t. stærðar svæðis er yfirleitt minna en samsvarandi mannvirki á landi miðað við kostnað. Bæði þessi mannvirki koma fram á skipulagi. Því er með frumvarpinu verið að mismuna mannvirkjum án tillits til umhverfisáhrifa.

Liður 10.23 varðar mannvirki til að verjast rofi á strandlengju og breyting frumvarpsins felur í sér að senda verður Skipulagsstofnun gögn til ákvörðunar um matsskyldu allra slíkra mannvirkja óháð umfangi og þó þau séu ekki á verndarsvæðum eða á svæðum á náttúruminjaskrá. Yfirleitt er um ræða minniháttar mannvirki þar sem algengur kostnaður er 10-15 m.kr. Ef borin eru saman bygging og sjóvörn á skipulögðu svæði virðist að með frumvarpi þessu sé verið að mismuna mannvirkjum án tillits til umhverfisáhrifa.

Í öllum tilvikum er um að ræða framkvæmdir á vegum sveitarfélaga sem eru smáar í sniðum og breyting frumvarpsins myndi valda kostnaðarauka og vera iþyngjandi. Tekið skal fram að sjóvarnarmannvirki eru alla jafnan sýnd á aðalskipulagi.

Virðingarfyllst,  
f.h. Siglingastofnunar Íslands,

  
Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri